

„Eg hét að lesa alt sem er mér neyð,
og *aldrei* spyrja hvað mín löngun kjósi;
það guðsorð alt sem yrði á minni leið,
og eins sem mest af drottins þjóna hlósi.“

Það er einkennileg mynd þetta af fermingarbarni, og sjaldan sýnd í þessu ljósi—en sönn er hún, því „Lýðsiðfraðin“ hefir til þessa skoðað þann „bezt þenkjandi“, er fengið hefir óhug á lífinu, sem er virkilegastur fjandmaður „Gamla heims“, og skælar bæði vel og lengi. Því gegnum margar þjáningar ber oss inn að ganga í guðsríki. Þessar *passívu* þjáningar, að

„kútbyltast og formæla sér.“

Þá er það dygð að vitja sjúkra. „Á spítalanum“ er því lýst, og þekkja það flestir.

Þá, að minsta kosti á vestur-íslenzka vísu, er *trúin* engin ódygð í fari manna, og þetta er trúin.

„Við krosstréð í Eden er stofnunin stærst,
sá staður er dálítið fjarri,
en Legió þangað til leiðsögu fæst,
og *leikendur* þar ekki færri.
Þeir láta ekki negla sig, *leika* ekkert æst,
því *list* þeirra er finni eða hærri;
þeir vegsama krossinn og kruunka sem næst,
en koma þó aldrei of nærri.

Og þarna er ávöxturinn í breytni.

„Eg vandi nú af mér þann óvanings brag;
en oft kom mér list sú í vanda,
að gera hvert hneyksli einsog guðsríki í hag
og göfgandi siðprýðis anda;
og við fyndum aldrei það ágætislag,
þá ánægju og gagnsmuni að blanda,
ef við sæjum slíkt ekki dag eftir dag
til djarfari og leiknari handa.

En hérna er ávöxturinn í djörfung og jafnrétti.

„En ljótt var að sjá niðrí sorpunum hér
hjá svínbeygðum verklýð og snauðum;